



Guðrún Erla Geirsdóttir við uppsetningu sýningarinnar. Ljós. - Atli.

*Borealis í
Norræna húsinu:*

Dulúð og ein- staklings- hyggja


Nú um helgina er opnuð á Kjarvalsstöðum sýning BOREALIS, norrænar myndir 1983, sem er farandsýning á verkum 16 norræna listamanna. Alls eru um 140 verk á sýningunni, sem fyrst var sett upp í Helsinki og hefur síðan verið ár á leiðinni um Norðurlönd en endar hér á Íslandi. Það er Norræna listamiðstöðin í Sveaborg, sem stendur að sýningunni.

Íslensku listamennirnir á sýningunni eru Ásgerður Búadóttir, Gunnar Örn og Magnús Tómasson. Sýningin er mjög fjölbreytt og Magnús var að því spurður, hver væri samnefnari hennar.

„Það var sænski myndlistarmaðurinn Tage Martin Hörling, sem valdi myndirnar í samvinnu við þjóðardeildir Norræna myndlistarbandalagsins. En samnefnarinn - ég veit ekki hver hann er. Hörling mun helst hafa áhuga á listamönnum, sem fylgdu figúratívi línu, væru nokkuð svo dulúðugir og tengdir goðsagnamönnum. Ekki hefur þetta allt eftir gengið: má vera að sá sem valdi hafi að lokum hafnað með norræna einstaklingshyggjumenn í listum fyrst og fremst, þá sem eru ekki mjög hallir undir tiskustefnur.“

Við opnun sýningarinnar kl 14 í dag laugardag flytur Sigrún Guðjónsdóttir, fulltrúi FÍM í stjórn Sveaborgar, ávarp og segir frá starfsemi stofnunarinnar. Sýningin er opin til 23. apríl.

áb



16 norrænir myndlistarmenn eiga verk á sýningunni. Gunnar Örn er hér að ganga frá einu verkanna. Ljós.-Atli.

PÁSKATILBOÐ KRON

Við bjóðum viðskiptavinum
10% afslátt af öllum
viðskiptum í verslunum
okkar fram að páskum.

STÓRMARKAÐURINN

Skemmuvegi 4a

DOMUS

Laugavegi 91

KRON Fellagörðum
KRON Snorrabraut
KRON Stakkahlíð
KRON Dunhaga

KRON Tunguvegi
KRON Lángholtssvegi
KRON Hlíðarvegi



KAUPFÉLAG REYKJAVÍKUR OG NÁGRENNIS

Húsgagnasýning

um helgina, kl. 1 - 5 báða dagana.

*Markmið okkar er að selja bestu húsgögnin,
á besta verðinu.*



**TM-húsgögn
Síðumúla**

CORSA

OPEL

NÝR BÍLL FRÁ OPEL

Opel Corsa hefur hlotið mikið lof fyrir frábæra aksturseiginleika, lipurð, kraft og hagkvæmni.



BIFREIÐAÐEILD SAMBANDSINS



HÖFÐABAKKA 9 SÍMI 687300 GÆÐAEFTIRLIT MEÐ GÆÐAVÖRUM